



Alþingi
Erindi nr. P 140/613
komudagur 2.12.2011

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóvember 2011

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs 106. mál

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreindar tillögur til umsagnar og gera eftirfarandi athugasemdir.

Samtök ferðaþjónustunnar fagna almennt hugmyndum um stofnun þjóðgarða á svæðum sem nauðsynlegt er að vernda en íslensk náttúra og ósnortin víðerni hennar eru þeir grunnþættir sem draga 80% erlendra ferðamanna til Íslands og mikilvægið er ekki minna þegar kemur að ferðum Íslendinga sjálfra og hlut útivistar í lífsgæðum okkar. Það verður þó að benda á að það er ekki nægilegt að stofna þjóðgarða. Það þurfa að fylgja þeim fjármunir til uppbyggingar og skipulagningar, það er til dæmis nauðsynlegt að góð aðstaða sé sköpuð fyrir fyrirtækin til að fara með ferðamenn um þjóðgarða. Það þarf jafnt að vernda náttúruna í þjóðgördum svo og gera fólki kleift að njóta þeirra svo vel sé. Það er því trúlega betra að ljúka uppbyggingu þeirra þjóðgarða sem hafa nú þegar verið stofnaðir áður en bætt verður við.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri